



E 8/2017

Flytjandi: Jorodd Asphjell (A)
Til: Ríkisstjórn Norðurlandanna

Til ríkisstjórn Norðurlandanna

Skrifleg fyrirspurn um aðgang að námi fyrir heyrnarfræðinga

Íbúar Norðurlanda verða sífellt eldri. Hækkandi aldri fylgir oft skert heyrn. Við getum því gert ráð fyrir að hlutfall fólks sem býr við heyrnarskerðingu muni aukast. Nú þegar glímir til dæmis meira en sjötti hver Sví á aldrinum 16 til 84 ára við heyrnarskerðingu.

Sem stendur gengur okkur betur að hlífa eyrunum í vinnunni en í frítímanum. Eyrnasuð er algengt hjá ungu fólki sem hefur boðið skynfærum heyrnar upp á háa tónlist í heyrnartólum og á tónleikum.

Minnstruflanir, einkum truflanir á langtímaminni, eru meðal fyrstu einkenna heilabilunar. Til eru bæði alþjóðlegar og sænskar rannsóknir sem sýna sterkt samband á milli heyrnarskerðingar og heilabilunar vegna þess að minnið verður fyrir áhrifum þegar einstaklingurinn heyrir illa.

Trygging þess að eins margir og kostur er, óháð aldri, leiti snemma eftir og fái aðstoð sérfræðinga vegna heyrnarskerðingar skiptir miklu máli af heilsufars- og efnahagslegum ástæðum. En til þess að geta fengið aðstoð verður að vera til staðar menntað starfsfólk sem getur veitt aðstoð – fyrst og fremst heyrnarfræðingar.

Hlutverk heyrnarfræðings er að finna tæknilegar og uppbyggilegar lausnir til að bæta heyrn einstaklinga með heyrnarskerðingu. Í starfinu felst meðal annars framkvæmd heyrnarrannsókna, prófun á hjálpartækjum og könnun á forvörnum gegn heyrnarskerðingu á til dæmis vinnustöðum og á opinberum stöðum. Ekki hvað síst í leikskólum hefur mælst mikill hávaði í hávaðamælingum, sem bitnar á bæði starfsfólki og börnum.

Það er þörf fyrir fleiri heyrnarfræðinga. Það er þörf á að mennta fleiri einstaklinga ef uppfylla á þörfina og biðtími sjúklinga á ekki að keyra úr hófi fram.

Starf heyrnarfræðinga er lögverndað í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, en ekki á Finnlandi og Íslandi. Í því skyni að auka aðgengi að heyrnarfræðingum og auðvelda frjálsa för heyrnarfræðinga ættu starfsréttindi heyrnarfræðinga að vera sjálfkrafa viðurkennd á öllum Norðurlöndunum.



Ríkisstjórnir Norðurlandanna eru beðnar um að svara eftirfarandi:

- Hver er staða mála varðandi framboð á námi fyrir heyrnarfræðinga á Norðurlöndum?
- Ef skortur er á námsframboði, hvað er þá gert til að bæta úr málum?
- Hvað er gert á Norðurlöndunum til að vekja athygli væntanlegra námsmanna í framhaldsskólum og háskólum á skorti á heyrnarfræðingum?
- Hvað er gert á Norðurlöndunum til að stuðla að sjálfkrafa viðurkenningu á starfsréttindum heyrnarfræðinga?

Ósló, 21. janúar 2017

Jorodd Asphjell (A)